



## Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

**36. fundur skipulags- og umhverfisnefndar, aukafundur haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 Þórshöfn, mánudaginn 11. nóvember 2024. Fundur var settur kl. 12:00**

**Mættir voru:** Hildur Stefánsdóttir formaður, Sigtryggur Brynjar Þorláksson, Helga Henrysdóttir, Mirjam Blekkenhorst og Björn S. Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð – svo var ekki og fundur því settur.

Formaður óskaði eftir afbrigðum til að taka lið 5 inn á dagskrá sem er ósk um breytingu á á lóðamerkjum Bergholts 1 ehf.

Samþykkt samhljóða.

### Fundargerð

**1. Umsókn frá Steypustöð Þórshafnar um bráðabirgðaleyfi fyrir staðsetningu steypustöðvar samkvæmt meðfylgjandi korti.**

Steypustöð Þórshafnar hefur komið fyrir steypustöð samkvæmt meðfylgjandi korti og sækir um bráðabirgðaleyfi til eins árs.

Bókun um afgreiðslu: Nefndi samþykkir leyfi til bráðabirgða til eins árs með eftirfarandi fyrirvörum;

- a) að svæðið verði hnitsett og stangist ekki á við deiliskipulag hesthúsahverfis,
- b) að sótt verði um breytingu á aðalskipulagi og gert deiliskipulag fyrir svæðið áður en leyfið rennur út eða stöðinni fundinn annar staður.
- c) ef svæðið verður ekki nýtt umfram 1 ár, að þá gangi Steypustöð Þórshafnar frá svæðinu og hreinsi til á svæðinu og skili því í því ástandi sem stöðin tók við því.

Samþykkt samhljóða.

**2. Umsókn um lagningu jarðstrengs frá Rarik samkvæmt meðfylgjandi korti**

Rarik sækir um leyfi til lagningu heimtaugar vegna steypustöðvar samkvæmt meðfylgjandi korti.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir lagningu strengs samkvæmt meðfylgjandi uppdraetti.

Samþykkt samhljóða.



### 3. Skipulagslýsing. Breyting á aðalskipulagi 2007-2027 og deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæði að Skeggjastöðum í Bakkafirði.

Lögð fram skipulagslýsing með breytingu á aðalskipulagi 2007-2027 og deiliskipulag vegna þjónustusvæðis að Skeggjastöðum í Bakkafirði ásamt samantekt um viðbrögð við meðfylgjandi umsögnum.

- 03.1 Viðbrögð við auglýstri tillögu um deiliskipulag
- 03.2 Umsögn HNE um ASKBR
- 03.3 Umsögn Minjastofnunar um ASKBR
- 03.4 Umsögn Náttúrufræðistofnunar um ASKBR
- 03.5 Umsögn Rarik um ASKBR
- 03.6 Umsögn Skipulagsstofnunar um ASKBR
- 03.7 Umsögn Umhverfisstofnunar um ASKBR
- 03.8 Umsögn Vegagerðarinnar um ASKBR
- 03.9 Umsögn Þjóðkirkjunnar um ASKBR
- 03.10 Umsögn HNE um DSK
- 03.11 Umsögn Minjastofnunar um DSK
- 03.12 Umsögn Náttúrufræðistofnunar um DSK
- 03.13 Umsögn Vegggerðarinnar um DSK
- 03.14 Umsögn Þjóðkirkjunnar um DSK

Bókun um afgreiðslu: Auglýsing skipulagslýsingar fyrir nýtt deiliskipulag og aðalskipulagsbreytingu fyrir verslunar- og þjónustusvæði að Skeggjastöðum í Bakkafirði lauk þann 28. september 2024. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Rarik, Náttúrufræðistofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Vegagerðinni og Þjóðkirkjunni. Engar athugasemdir bárust. *Sjá samantekt umsagna og viðbrögð, liður 03.1*

Nefndin hefur farið yfir inn komnar umsagnir og heimilar skipulagsaðila að leggja fram drög að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi í samræmi við þær athugasemdir sem koma fram hjá umsagnaraðilum. Skipulagsdrögin verða kynnt almenningi og hagsmunaaðilum skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 40. gr. sömu laga.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Tillaga skipulagsfulltrúa að grenndarkynningu á Sunnuvegi 12

Skipulagsfulltrúi gerir að tillögu sinni að merkjalýsing fyrir Sunnuveg 12 verði grenndarkynnt fyrir þeim íbúum sem búa í tilgreindum húsum.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir að grenndarkynna lóðamörk samkvæmt meðfylgjandi lýsingu merkja. Nefndin vekur athygli á því að líklega eru ekki allir eigendur rétt skráðir í skjalinu (Sunnuvegur 10, Fjarðarvegur 29 og Fjarðarvegur 31). Skrifstofustjóra falið að kanna málið í samvinnu við skipulagsfulltrúa.

Samþykkt samhljóða.

### 5. Erindi frá Áka Guðmundssyni þar sem farið er fram á breytingu á lóðamerkjum til að koma fyrir lögnum.

Lóðin stækkar um 12-15 m. til norðaustur en á móti kemur minnkun lóðar að sama skapi í suðvestur. Meðfylgjandi er teikning frá skipulagsfulltrúa sem skýrir erindið.

# LANGANESBYGGÐ



Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir breytingu á lóðamörkum samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Önnur mál

- a) Kynning á hugsanlegum virkjunarframkvæmdum við Staðará.  
Þjóðkirkjan hefur fengið meðfylgjandi kynningu á fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum í Staðará sem tengjast áformum sama fyrirtækis í Tunguá.  
Lagt fram til kynningar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 12:55